

03. NÓVEMBER  
2022

HARPA  
ELDBORG

# Lisiecki spilar Chopin

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum stendur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverks.

---

**Tímalengd verka:**

Konsertforleikur 13'

Píanókonsert nr. 1 40'

Adagio fyrir flautu, hörpu, píanó og strengi 10'

Sinfónía nr. 1 25'

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Lisiecki spilar Chopin

## TÓNLEIKAR Í ELDBORG

### Sinfóníuhljómsveit Íslands

#### Eva Ollikainen

Hljómsveitarstjóri

#### Jan Lisiecki

Einleikari

#### Karol Szymanowski

Konsertforleikur (1903–1905)

#### Frédéric Chopin

Píanókonsert nr. 1 (1830)

- I. Allegro maestoso
- II. Romanze – Larghetto
- III. Rondo – Vivace

HLÉ

#### Jón Nordal

Adagio fyrir flautu, hörpu, píanó og strengi (1966)

#### Witold Lutosławski

Sinfónía nr. 1

- I. Allegro giusto
- II. Poco adagio
- III. Allegretto misterioso
- IV. Allegro vivace

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# HEIÐURSTÓNLEIKARÍ ELDBORG TIL MINNINGAR UM BOHDAN WODICZKO

Pólski hljómsveitarstjórinn Bohdan Wodiczko (1912–1985) var einn þeirra erlendu tónlistarmanna sem auðguðu íslenskt tónlistarlíf svo um munar. Hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands um árabil. Í samstarfi við pólska sendiráðið á Íslandi heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands heiðurstónleika til minningar um Wodiczko og framlag hans til íslensks tónlistarlífs.

Wodiczko<sup>1</sup> nam hljóðfæraleik, hljómsveitarstjórn og tónsmíðar í bæði Varsjá og Prag. Hann útskrifaðist með láði frá fyrrnefnda staðnum árið 1939, það er segja um svipað leyti og seinna stríð braust út. Rétt eins og aðrir Pólverjar mátti Wodiczko þola miklar hörmungar í stríðinu og var hann meðal annars hafður um tíma til slits og strits hjá Þjóðverjum. Það var svo ekki fyrr en að stríðinu lauk árið 1945 sem Wodiczko hóf að koma fram sem hljómsveitarstjóri. Hann gegndi mikilvægum stöðum í heimalandinu, var meðal annars aðalstjórnandi Fílharmóníusveitarinnar í Gdansk ásamt því að gegna stöðu prófessors við tónlistarháskóla borgarinnar. Hann átti eftir að gegna svipuðum stöðum annars staðar í Póllandi, þar á meðal við Fílharmónísku hljómsveitina í Varsjá.

Wodiczko naut gríðarlegrar hylli í pólsku menningarlífi en hann átti líka andstreymt sökum deilna við stjórnvöld og féll hann að lokum í ónáð, enda gat hann verið fastur fyrir. Hann var ráðinn sem hljómsveitarstjóri við bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið árið 1960. Fimm árum síðar eða árið 1965 var hann ráðinn aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar og gegndi þeirri stöðu til ársins 1968, og svo aftur frá 1970 til 1971.

---

<sup>1</sup> Hér er stuðst við frásögn Bjarka Bjarnasonar, *Sinfóníuhljómsveit Íslands* (útg. 2000), bls. 130-131.

Wodiczko þótti gríðarlega kröfuharður og það gustaði um hann hér á landi sem og í Póllandi. Hann tók efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands til gagngerrar endurskoðunar og kynnti til sögunnar fjölda verka sem Sinfónían hafði aldrei leikið áður, þar á meðal mörg íslensk samtímaverk.

Eftir að hafa haldið aftur til Póllands árið 1971 sáu eða heyrðu Íslendingar lítið af Wodiczko. Hann var þó áfram áhrifamikill í pólsku listalífi en eftir að hafa misst son sinn árið 1984 hrundi veröld Wodiczko. Um það leyti var hann kominn að fótum fram sökum heilsuleysis. Í kjölfar sonarmissisins afþakkaði hann bæði mat og lyf og lést stuttu síðar.



# Eva Ollikainen

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen er aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panulakeppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum SÍ með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 sneri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden og BBC-sinfóníuhljómsveitinni. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusarakademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni. Í sumar þreytti Eva frumraun sína með BBC-sinfóníuhljómsveitinni á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum, þar sem hún stjórnaði heimsfrumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, auk þess að stjórna Fílharmóníusveit Los Angeles í fyrsta sinn á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl og Walt Disney Hall.



# Jan Lisiecki

## EINLEIKARI

Þótt kanadíski píanistinn Jan Lisiecki sé ekki nema 27 ára gamall þá spannar ferill hans nú þegar rúman áratug. Hann vakti fyrst heimsathygli þegar hann lék píanókonsert Chopins á Chopin-hátíðinni í Varsjá árið 2008, tólf ára gamall, og sama ár lék hann í fyrsta sinn í Carnegie Hall. Tveimur árum síðar var hann kominn með samning hjá þýska útgáfurisnum Deutsche Grammophon, en undir merkjum hans hefur Lisiecki gefið út hljóðritanir af ýmsum verkum Chopins fyrir píanó og hljómsveit, auk rómaðrar upptöku á píanókonsert Schumanns með Santa-Cecilia hljómsveitinni í Róm undir stjórn Antonios Pappanos.

Lisiecki er af pólskum ættum, fæddist 1995 í Alberta í Kanada, og hóf píanónám 5 ára. Hann kom fyrst fram með hljómsveit 9 ára og hefur síðan leikið með mörgu helstu hljómsveitum heims, svo sem Fílharmoníusveitinni í New York, Orchestre de Paris og Fílharmoníusveitinni í Rotterdam, með hljómsveitarstjórum á borð við Claudio Abbado, David Zinman, Paavo Järvi og Yannick Nézet-Séguin. Á yfirstandandi starfsári þreytir Lisiecki frumraun sína á áskriftartónleikum með hljómsveitum á borð við Sinfóníuhljómsveitina í Boston, Sinfóníuhljómsveit Vínarborgar og Staatskapelle Dresden, auk þess sem hann leikur á einleikstónleikum í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.

Lisiecki hefur þegar hlotið fjölmörg verðlaun fyrir leik sinn. Hann var valinn Ungi listamaður ársins á Gramophone-verðlaununum 2013 og sama ár hlotnuðust honum verðlaun kennd við Leonard Bernstein.



#### Tónlistin á Íslandi

Sí hefur ekki leikið þetta verk eftir Szymanowski áður. Hér er því um frumflutning á Íslandi að ræða.

# Karol Szymanowski

## KONSERTFORLEIKUR

Karol Szymanowski (1882–1937) var á sinni tíð þekktasta tónskáld Póllands og náði sú frægð út fyrir landsteinana. Hann nam í heimalandinu og var snemma undir áhrifum rómantíska skólans en einnig sótti hann í smiðju Alexanders Skrjabíns. Síðar átti hann eftir að sækja sér innblástur til frönsku impressjónistanna og Richards Strauss áður en hann lagði tóntegundir nánast alveg til hliðar um tíma. Szymanowski var einnig ötull talsmaður yngri tónskálda í Póllandi og stofnaði meðal annars útgáfufélag sem hafði það hlutverk að gefa út samtímatónlist yngri kynslóðarinnar í Póllandi.

Szymanowski gat ekki gegnt herþjónustu í Norðurálfuófríðnum mikla en hellti sér þess í stað út í tónsmíðar, enda samdi hann fjölmörg verk á árabílinu 1914–1918. Auk þess notaði hann tímann til þess að lesa bæði heimspeki og sögu Grikklands hins forna. Hann hafði um tíma átt andstreymt í heimalandinu og ferðaðist því mikið; enn fremur bjó hann um tíma í Vínarborg.

Það var svo um og eftir 1920 að Szymanowski hallaðist æ meira í átt að notkun þjóðlegra stefja í tónsmíðum sínum. Áður hafði hann verið andsnúinn slíku en nýfengið sjálfstæði Póllands breytti öllu; nú skyldi reist á gömlum merg og með tónsmíðum sínum gat Szymanowski nú tekið þátt í að efla pólska þjóðarvitund. Szymanowski gegndi um tíma stöðu rektors Tónlistarháskólans í Varsjá en lést í Sviss í mars árið 1937.

Szymanowski er helst minnst fyrir sínfóníur sínar fjórar, tvo fiðlukonserta og svo óperunna um Roger konung (1924). Konsertforleikinn (op. 12) samdi hann hins vegar á árunum 1903–1905. Þar er hann undir miklum áhrifum frá Richard Strauss, enda um nokkurs konar æskuverk að ræða.





# Frédéric Chopin

## PÍANÓKONSERT NR. 1

Lang stærstur hluti verka eftir Frédéric Chopin (1810–1849) eru samin fyrir einleikspíanó. Inn á milli leynast þó önnur verk, þar á meðal tveir píanókonsertar. Raunar var það svo að konsertinn sem er númer tvö (frá 1829) er eldri en sá númer eitt (frá 1830). Ástæðan fyrir því að númer þeirra víxluðust er sú að yngri konsertinn (sá sem við þekkjum númer 1) birtist fyrr á prenti.

### Tónlistin á Íslandi

Sí hefur flutt píanókonsert Chopins nr. 1 alls ellefu sinnum. Þar af lék Rögnvaldur Sigurjónsson einleik fjórum sinnum; árið 1958, árið 1960 undir stjórn Wodiczko í Þjóðleikhúsinu, árið 1966 einnig undir stjórn Wodiczko og þá í Háskólabíói, og síðan aftur árið 1972. Jörunn Viðar flutti konsertinn í Háskólabíói 1962 og Víkingur Heiðar Ólafsson á tónleikum Sí árið 2010. Síðast lék Simon Trpčeski konsertinn í maí 2015.

Chopin var um tvítugt þegar hann samdi píanókonsertana og bera þeir nokkurn keim æskuverka. Báðir njóta hylli áhorfenda (sá númer tvö er oftar fluttur en sá númer eitt) en hvorugur þeirra hlaut náð fyrir eyrum gagnrýnanda. Raunar fengu þeir báðir slaka dóma og er þar einna helst bent á óspennandi hljómsveitarkafli auk þess sem samspil einleikara og hljómsveitar þykir lítið dramatískt. Hér eru þó gagnrýnendur að dæma býsna hart, enda er um að ræða afar ljóðræn verk. Kannski var það einmitt sú staðreynd sem gagnrýnendum blöskraði. Þeir áttu flestir von á flugeldasýningu þar sem Chopin bjó yfir gríðarlegri tækni.

Í fyrsta þætti konsertsins númer eitt – sem hljómar hér í kvöld – heyrum við tvö eftirminnileg stef; hið fyrra mikilfenglegt en seinna stefið minnir okkur á nokkurs konar næturljóð. Um annan þáttinn skrifaði tónskáldið í bréfi: „Hægi kaflinn í konsertinum mínum er rómansa, kyrrlát og full eftirsjár. Þetta er eins konar draumur í tunglskini á fögru vorkvöldi.“ Chopin sækir svo innblástur til Póllands í lokabættinum. Meginstefið minnir þannig á vinsælan þjóðdans, *krakowiak*, sem ættaður er frá Kraká.



# Jón Nordal

## ADAGIO FYRIR FLAUTU, HÖRPU, PÍANÓ OG STRENGI

Jón Nordal (f. 1926) er eitt ástsælasta tónskáld Íslendinga. Hann hefur á ferli sínum samið á fjórða tug stærri verka auk sönglaga sem eru greypt í huga Íslendinga. Jón stundaði nám hér heima, meðal annars hjá Árna Kristjánssyni píanóleikara og Jóni Þórarinssyni tónskáldi. Þaðan lá leiðin til Zürich þar sem Jón nam bæði píanóleik og tónsmíðar hjá Walter Frey og Willy Burkhard. Þessu fór fram árin 1949–1951 en Jón var áfram búsettur erlendis næstu árin, ýmist í Kaupmannahöfn, París eða Róm og sótti hann meðal annars fræg sumarnámskeið í Darmstadt. Þar komst Jón í kynni við helstu framúrstefnumenn samtímans, svo sem Stockhausen, Nono, Madera og Ligeti, ásamt því að verða fyrir miklum áhrifum af tónlist Webers. Jón sneri aftur til Íslands árið 1957 og varð tveimur árum síðar skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík.

Snemma var Jón undir áhrifum af tónlist Hindemiths en kennari Jóns og nafni, Jón Þórarinsson, hafði verið nemandi þýska meistarans og aðstoðarmaður um hríð. Þá reyndi Jón fyrir sér í raðtækni (seríalisma) en jafnan er talið að *Adagio fyrir flautu, hörpu, píanó og strengi* (1966) marki upphafið að hinum persónulega stíl sem Jón tileinkaði sér að lokum. Kannski má einmitt segja að með verkinu nái Jón að samræma bæði ströng vinnubrögð og frjáls. Yfirbragðið er alvarlegt og innhverft en undir niðri kraumar ákveðin spenna og jafnvel þó svo að tónheimur verksins láti lítið yfir sér er hann eftir sem áður tilfinningaríkur, einkum þar sem strengjum er teft fram gegn tónmáli píanósins.

### Tónlistin á Íslandi

Sí hefur leikið Adagio fyrir flautu, hörpu, píanó og strengi nokkrum sinnum en það var frumflutt af hljómsveitinni á áskrifartónleikum í maí 1966 og síðan flutt aftur í september árið 1967; stjórnandi í bæði skiptin var Bohdan Wodiczko. Þá hefur hljómsveitin hljóðritað verkið undir stjórn Johannesar Gustavsson.



### Tónlistin á Íslandi

Sí hefur einu sinni áður leikið þetta verk eftir Lutosławski. Það var í mars árið 1980. Stjórnandi var Páll P. Pálsson.

# Witold Lutosławski

## SINFÓNÍA NR. 1

Sennilega eru það engar ýkjur að kalla Witold Lutosławski (1913–1994) merkasta tónskáld Pólverja síðan Szymanowski var og hét. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að raða Lutosławski beint á eftir Chopin í virðingargestiganum. Um það er að minnsta kosti ekki deilt að Lutosławski skipar sér í hóp merkustu tónskálda 20. aldar. Verk hans spönnuðu langt tímabil og hann nýtti sér fjölmarga stíla í tónsmíðum sínum.

Lutosławski sýndi snemma tónlistarhæfileika og hóf að nema á píanó aðeins sex ára gamall. Hann innritaðist í háskóla til þess að nema stærðfræði en skipti fljótlega yfir í píanóleik og tónsmíðar. Námið sóttist vel og árið 1936 útskrifaðist hann sem píanóleikari og ári síðar sem tónskáld. Kennari hans í tónsmíðum var Witold Maliszewski sem sjálfur hafði verið nemandi Nikolais Rimskíj-Korsakovs. Námið hvíldi því á gömlum merg. Lutosławski hugði á framhaldsnám í París en 1. september 1939 réðust Þjóðverjar inn í Pólland.

Lutosławski gegndi sjálfur herþjónustu í stríðinu og var tekinn höndum af Þjóðverjum. Honum tókst að sleppa og hélt fótgangandi af stað til Varsjár (um 400 km leið) þar sem hann bjó allt til stríðsloka. Lífið dró hann fram með því að leika á kaffihúsum, oft í félagi við vin sinn og kollega, Andrzej Panufnik.

Með valdatöku kommúnista í Póllandi voru listalífi settar miklar skorður, enda skyldu gilda sömu listrænu viðmið og í Moskvu. Lutosławski var þó kjörinn ritari og féhirðir Pólska tónskáldafélagsins árið 1945 en þegar árið 1947 var farið að þrengja að listamönnum sem ekki fylgdu flokkslínunni. Þá sagði Lutosławski sig úr stjórn tónskáldafélagsins en það var ekki nóg. Hann mátti enn fremur þola fordæmingu fyrir 1. sinfóníu sína (1941–1947) sem sögð var byggð á „formalisma“ en ekki sósíalískum

realisma. Kvað svo fast að fordæmingunni að Lutosławski var rekinn úr tónskáldafélaginu og flutningur á símfóníunni var bannaður. Það var ekki fyrr en eftir dauða Stalíns (1953) að Lutosławski hlaut aftur náð fyrir augum stjórnvalda en *Konsert fyrir hljómsveit* (1954) fékk góðar viðtökur, enda fetaði tónskáldið þar veginn á milli framúrstefnulegra tónsmíða og svo þeirra sem eru aðgengilegar almenningi.

Fyrsta símfónían er í fjórum þáttum en sá fyrsti (*Allegro giusto*) hefst á hröðum og kraftmiklum inngangi. Annar þátturinn (*Poco adagio*) er lengsti kafli verksins, ljóðrænn og seiðandi og vex og dafnar uns hann nær hámarki laust eftir miðbikið. Þriðji þátturinn (*Allegretto misterioso*) er nokkurs konar Scherzo sem hefst á stafi í tólf tónahætti. Lokapátturinn (*Allegretto vivace*) hefst af krafti og æðir áfram uns yfir lýkur.

Magnús Lyngdal Magnússon

# Á döfinni

10.11

FIMMTUDAGUR  
KL. 20:00




## Tónelskir töfrar

Galdrar og töfrar eru í aðalhlutverki á þessum klukkustundarlöngu tónleikum í Grænu röðinni hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, en þeir hefjast á forleiknum að óperu Mozarts, *Töfraflautunni*, áður en leiðin liggur í ævintýraheim J.K. Rowling en tónlistin leikur stórt hlutverk í kvikmyndunum um Harry Potter™. Þá leikur Páll Palomares, leiðari 2. fiðlu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hið vinsæla og töfrum slungna *Sígaunaljóð* spænska tónskáldsins Pablos de Sarasate en meðal þekktustu stefja verksins er laglínan sem Íslendingar þekkja vel undir nafninu *Til eru fræ*. Lærisevinn galdrameistarans eftir Paul Dukas byggir á kvæði Johanns Wolfgang von Goethe en margir þekkja bæði tónlistina og söguna af lærisevininum seinheppna úr Disney-teiknimyndinni *Fantasíu*. Tónleikunum lýkur svo á lokakaflanum úr ævintýrinu um *Eldfuglinn* eftir Stravinskij. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir án hlés og er einnig sjónvarpað beint á RÚV.

17.11

FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30



## Sinfónískir dansar

Rússneska tónskáldið Sofia Gubaidulina, sem fagnaði nírhæðisafmæli í fyrra, er óhrædd við að velja verkum sínum heimspekilegt og trúarlegt inntak og tekst hún gjarnan á við stærstu spurningar mannlegrar tilvistar í tónlistinni. Meðal nýjustu meistaraverka hennar er konsert fyrir fiðlu, selló og bajaran (rússneska hnappaharmóníku). Verkinu var afar vel tekið og voru gagnrýnendur á einu máli um að hér væri komið eitt af merkustu verkum Gubaidulinu. Lettneski fiðluleikarinn Baiba Skride hefur komið tvisvar fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ávallt fengið frábærar viðtökur. Hollenski sellóleikarinn Harriet Krijgh hefur leikið með mörgum helstu hljómsveitum heims og er prófessor við Tónlistarháskólann í Vínarborg.

Sinfónískir dansar Sergejs Rakhmanínovs voru síðasta verkið sem tónskáldið lauk við. Það sýnir glögggt hve meistaraleg tök þetta mikla píanótónskáld hafði á skrifum og útsetningum fyrir sinfóníuhljómsveit og hefur fyrir löngu skapað sér sess meðal bestu hljómsveitarverka tónskáldsins. Páll Ragnar Pálsson stundaði framhaldsnám í tónsmíðum í Eistlandi og strengjaverkið *Yfirráðandi kyrrð* var frumflutt af Kammersveitinni í Tallinn og vakti þar mikla hrifningu. Í kjölfarið var verkið tilnefnt til alþjóðlegru Rostrum-verðlaunanna.

# Á döfinni

18.11 FÖSTUDAGUR  
KL. 18:00



## Æskuverk með Baibu og Harriet

Á þessum tónleikum í Föstudagsröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Norðurljósum hljóma tvö innblásin æskuverk fyrir strengjaoktett eftir ólík tónskáld sem þó áttu það sameiginlegt að vera undrabörn á sviði tónsmíða: Mendelssohn og Shostakovitsj. Um leið gefst áheyrendum tækifæri til að kynnast fiðluleikaranum Baibu Skride og sellóleikaranum Harriet Krijgh í samhengi kammertónlistar sem þær stunda af miklu listfengi, en báðar koma fram kvöldið áður í þríleikskonsert Sofíu Gubaidulinu undir stjórn Olari Elts.



01.12 FIMMTUDAGUR  
KL. 19:30



## Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljóma bæði þekktar barokkperlur og faldir fjársjóðir tónlistarsögunnar, en stjórnandinn Jonathan Cohen er einn fremsti barokkstjórnandi Bretlands af yngri kynslóðinni. Í upphafi hljómar forleikurinn að óperunni Talestri eftir Maríu Antoníu Walpurgis, prinsessu af Bæjaralandi, áður en þær Vera Panitch og Steiney Sigurðardóttir (Dúó Edda) leika hinn víðfræga tvíleikskonsert Antonios Vivaldi í B-dúr fyrir fiðlu og selló. Enski kontratenórinn Tim Mead kemur einnig fram á tónleikunum en hann er meðal fremstu söngvara á sínu sviði í heiminum í dag og syngur meðal annars hina gullfallegu aríu Ombra mai fu úr óperunni Xerxes. Tónleikunum lýkur á einni dáðustu sífóníu Mozarts, Sífóníu nr. 40 í g-moll.

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiðla

Vera Panitch  
Raphaëlle Moreau  
Rannveig Marta Sarc  
Zbigniew Dubik  
Andrzej Kleina  
Chen-Jui Hu  
Joanna Bauer  
Pálína Árnadóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir  
Lin Wei  
Amalie Kjaeldgaard

## 2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Hekla Finnsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Hlín Erlendsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Þórdís Stross  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Justyna Bidler  
Kristín Björg Ragnarsdóttir

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Jevgenija Frolova  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Margrét Árnadóttir  
Þórdís Gerður Jónsdóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir

## Bassi

Xun Yang  
Jacek Karwan  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Hávarður Tryggvason  
Richard Korn

## Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau  
Kristín Ýr Jónsdóttir

## Óbó

Julia Hantschel  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
Baldvin Ingvar Tryggvason  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Jeremy Bager  
Bryndís Þórsdóttir  
Brjánn Ingason

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjørn Ibsen Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Constantin Glaner  
Simen Fegran

## Trompet

Jóhann Nardeau  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Sigurður Þorbergsson  
Carlos Caro Aguilera  
Bassabásúna  
David Bobroff

## Túba

Nimrod Ron

## Harpa

Katie Buckley

## Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir

## Celesta

Guðrður S. Sigurðardóttir

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Eggert Pálsson  
Helgi Þorleiksson

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Halla Oddný Magnúsdóttir  
*lístrænn ráðgjafi*  
Valdís Þorkelsdóttir  
*viðburða - og skipulagsstjóri*  
Jökull Torfason  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*

Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Dagrún Hálfðánardóttir  
*mannauðsstjóri*  
Svanhvít Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþórir J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Guðmundur Andrés Erlingsson  
*sviðs- og tæknimaður*

*Kvika eignastýring veitir allhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*

---



**KVIKA**

*Eignastýring*